

Skaftárhreppur
Óskar Örn Gunnarsson
Klausturvegi
880 Kirkjubæjarklaustur

Reykjavík, 15. apríl 2024
UST202404-065/A.B.
10.04.03

Efni: Breyting á deiliskipulagi Teygingalæks - Skaftárhreppur

Vísað er til erindis skipulagsfulltrúa Skaftárhrepps er barst 4. apríl sl. þar sem óskað er umsagnar Umhverfisstofnunar um breytingu á deiliskipulagi Teygingalæks í Skaftárhreppi. Í erindinu kemur fram breytingin felst í stækkun byggingareits undir núverandi starfsemi og fjölgun kerja úr 14 í 20. Á byggingareit A fjölgar kerjum um 4 en á reit C um 2. Auk þess segir að um er að ræða uppfærslu á deiliskipulagi m.t.t. núverandi ástands.

Starfsleyfi

Stofnunin bendir á að skv. 1. mgr. 6. gr. laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir skal allur atvinnurekstur, sem sótt er um starfsleyfi fyrir, vera í samræmi við skipulag.

Í greinargerð segir: „*Fellitjarnir, fráveitumannvirki í samræmi við reglur og kröfur heilbrigðiseftirlit suðurlands.*“ Umhverfisstofnun telur þetta vera óljóst þar sem það er hlutverk Umhverfisstofnunar að gera kröfur fyrir þessa starfsemi.

Umhverfisstofnun bendir á að losun og frágangur við útrás frárennslis skuli vera í samræmi við 25. gr reglugerðar nr. 798/1999 um fráveitur og skólp og í samræmi við þær kröfu sem Umhverfisstofnun ákveður í samráði við rekstraraðila.

Virðingarfyllt,

Axel Benediktsson

sérfræðingur

Steinar Rafn Beck Baldursson

sérfræðingur